

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2025

frá 13. júní 2025

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3196 frá 18. desember 2024 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hreðkublöð⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/89 frá 20. janúar 2025 um leyfi til að setja á markað duft af heilum liffum *Tenebrio molitor* (mjölbjalla), sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi, sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópuandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 3196:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3196 frá 18. desember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/3196, 19.12.2024).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3196, 19.12.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/3196/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/89, 21.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/89/oj

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):

„– **32024 R 3196**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3196 frá 18. desember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/3196, 19.12.2024).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32025 R 0089**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/89 frá 20. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/89, 21.1.2025).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 261. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2694):

„262. **32025 R 0089**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/89 frá 20. janúar 2025 um leyfi til að setja á markað duft af heilum lirfum *Tenebrio molitor* (mjölbjalla), sem hefur verið meðhöndlað með útfjólubláu ljósi, sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2025/89, 21.1.2025).“

3. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/3196 og (ESB) 2025/89, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING